

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

GIOTRIF 20 mg filmuhúðaðar töflur
GIOTRIF 30 mg filmuhúðaðar töflur
GIOTRIF 40 mg filmuhúðaðar töflur
GIOTRIF 50 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

GIOTRIF 20 mg filmuhúðaðar töflur

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 20 mg af afatinibi (sem dimaleat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 118 mg af laktósa (sem einhýdrat).

GIOTRIF 30 mg filmuhúðaðar töflur

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 30 mg af afatinibi (sem dimaleat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 176 mg af laktósa (sem einhýdrat).

GIOTRIF 40 mg filmuhúðaðar töflur

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 40 mg af afatinibi (sem dimaleat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 235 mg af laktósa (sem einhýdrat).

GIOTRIF 50 mg filmuhúðaðar töflur

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 50 mg af afatinibi (sem dimaleat).

Hjálparefni með þekkta verkun

Ein filmuhúðuð tafla inniheldur 294 mg af laktósa (sem einhýdrat).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla).

GIOTRIF 20 mg filmuhúðaðar töflur

Hvít til gulleit, kringlótt, tvíkúpt filmuhúðuð tafla með sniðbrún, ígreipt með kóðanum „T20“ á annarri hliðinni og kennimerki Boehringer Ingelheim á hinni hliðinni.

GIOTRIF 30 mg filmuhúðaðar töflur

Dökkblá, kringlótt, tvíkúpt filmuhúðuð tafla með sniðbrún, ígreipt með kóðanum „T30“ á annarri hliðinni og kennimerki Boehringer Ingelheim á hinni hliðinni.

GIOTRIF 40 mg filmuhúðaðar töflur

Ljósblá, kringlótt, tvíkúpt filmuhúðuð tafla með sniðbrún, ígreipt með kóðanum „T40“ á annarri hliðinni og kennimerki Boehringer Ingelheim á hinni hliðinni.

GIOTRIF 50 mg filmuhúðaðar töflur

Dökkblá, sporöskjulaga, tvíkúpt filmuhúðuð tafla, ígreipt með kóðanum „T50“ á annarri hliðinni og kennimerki Boehringer Ingelheim á hinni hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

GIOTRIF sem einlyfjameðferð er ætlað til meðferðar hjá

- fullorðnum sjúklingum, sem hafa ekki fengið áður meðferð með húðþekju vaxtarþáttarviðtaka týrósin-kínasa-viðtakahemlum (Epidermal Growth Factor Receptor (EGFR) TKI), með lungnakrabbamein sem er ekki af smáfrumugerð (non-small cell lung cancer (NSCLC)), sem er langt gengið staðbundið eða með meinvörpum og er með virkjandi EGFR stökkbreytingu(m).
- fullorðnum sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð, sem er langt gengið staðbundið eða með meinvörpum, af flöguþekjutegund, sem versnar meðan á meðferð með krabbameinslyfjum sem eru platínusambönd stendur eða eftir hana (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir með reynslu af krabbameinslyfjameðferð skal hefja og hafa eftirlit með meðferð með GIOTRIF.

Staðfesta skal stöðu EGFR stökkbreytinga áður en meðferð með GIOTRIF er hafin (sjá kafla 4.4).

Skammtar

Ráðlagður skammtur er 40 mg einu sinni á sólarhring.

Lyfið á að taka án fæðu. Ekki má neyta fæðu að minnsta kosti 3 klst. fyrir og að minnsta kosti 1 klst. eftir töku lyfsins (sjá kafla 4.5 og 5.2).

Meðferð með GIOTRIF á að halda áfram þangað til sjúkdómurinn versnar eða þangað til sjúklingurinn þolir ekki lengur meðferðina (sjá töflu 1 hér fyrir neðan).

Skammtaaukning

Íhuga má skammtaaukningu upp í að hámarki 50 mg/sólarhring hjá sjúklingum sem þola 40 mg/sólarhring upphafsskammt (þ.e. ekki til staðar niðurgangur, húðútbrot, munnbólga og aðrar aukaverkanir af CTCAE stigi > 1) í fyrstu meðferðarlotunni (21 dagur fyrir lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð með EGFR-stökkbreytingum og 28 dagar fyrir lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð, af flöguþekjutegund). Ekki skal auka skammt hjá sjúklingum ef skammtur hefur áður verið minnkaður. Hámarksskammtur á sólarhring er 50 mg.

Skammtaáðlögun vegna aukaverkana

Hægt er að meðhöndla einkenni aukaverkana með góðum árangri (t.d. verulegan/langvarandi niðurgangur eða aukaverkanir í húð) með því að gera hlé á meðferðinni og minnka skammtinn eða hætta meðferð með GIOTRIF eins og lýst er í töflu 1 (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Tafla 1: Upplýsingar um skammtaáðlögun vegna aukaverkana

CTCAE ^a Aukaverkanir	Ráðlögð skömmun	
Stig 1 eða stig 2	Ekki hlé ^b	Ekki skammtaáðlögun
Stig 2 (langvarandi ^c eða óbærilegt) eða stig ≥ 3	Gera hlé þangað til stig 0/1 ^b	Hefja meðferð á ný með því að minnka skammt um 10 mg í einu ^d

^a Hugtakaviðmið Bandarísku krabbameinsstofnunarinnar fyrir aukaverkanir (NCI Common Terminology Criteria for Adverse Events)

^b Ef til niðurgangs kemur á að taka strax lyf við honum (t.d. loperamið) og halda töku þess áfram ef niðurgangurinn er þrálátur þangað til hægðir hætta að vera lausar.

^c Niðurgangur stendur yfir > 48 klst. og/eða útbrot > 7 daga

^d Ef sjúklingur þolir ekki 20 mg/sólarhring, skal íhuga að stöðva endanlega meðferð með GIOTRIF.

Hafa skal í huga að um millivefslungnasjúkdóm geti verið að ræða ef sjúklingur fær bráð eða

versnandi einkenni frá öndunarfærum og gera hlé á meðferð í slíkum tilvikum á meðan mat fer fram. Ef millivefslungnasjúkdómur greinist skal hætta meðferð með GIOTRIF og hefja viðeigandi meðferð eftir þörfum (sjá kafla 4.4).

Skammtur sem gleymist

Ef skammtur gleymist á að taka hann sama dag um leið og sjúklingurinn man eftir því. Ef hins vegar á að taka næsta skammt innan 8 klst. á að sleppa skammtinum sem gleymdist.

Notkun P-glykóprótein (P-gp) hemla

Ef nauðsynlegt er að taka P-gp hemla á ekki að láta skammtana skarast við gjöf GIOTRIF, þ.e. líða skal eins langur tími á milli töku P-gp hemils og GIOTRIF eins og mögulegt er. Helst eiga að líða 6 klst. (fyrir P-gp hemla sem gefnir eru tvisvar á sólarhring) eða 12 klst. (fyrir P-gp hemla sem gefnir eru einu sinni á sólarhring) á milli töku P-gp hemils og GIOTRIF (sjá kafla 4.5).

Sérstakir sjúklingahópar

Sjúklingar með skerta nýrnastarfsemi

Útsetning fyrir afatinibi reyndist hafa hækkað hjá sjúklingum með miðlungsmikið eða verulega skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2). Ekki þarf að breyta upphafsskammti hjá sjúklingum með vægt (eGFR 60-89 ml/mín./1,73 m²), miðlungsmikið (eGFR 30-59 ml/mín./1,73 m²) eða verulega (eGFR 15-29 ml/mín./1,73 m²) skerta nýrnastarfsemi. Hafa skal eftirlit með sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi (eGFR 15-29 ml/mín./1,73 m²) og breyta skammti GIOTRIF ef hann þolist ekki. Ekki er mælt með GIOTRIF meðferð hjá sjúklingum með eGFR < 15 ml/mín./1,73 m² eða sjúklingum í skilun.

Sjúklingar með skerta lifrarástarfsemi

Ekki er marktæk breyting á útsetningu fyrir afatinibi hjá sjúklingum með vægt (Child Pugh A) eða miðlungsmikið (Child Pugh B) skerta lifrarástarfsemi (sjá kafla 5.2). Ekki er nauðsynlegt að breyta upphafsskammti hjá sjúklingum með vægt til miðlungsmikið skerta lifrarástarfsemi. Lyfið hefur ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með verulega (Child Pugh C) skerta lifrarástarfsemi. Ekki er mælt með meðferð hjá þessum sjúklingahópi (sjá kafla 4.4).

Börn

Notkun GIOTRIF á ekki við hjá börnum við ábendingunni lungnakrabbamein sem er ekki af smáfrumugerð.

Meðferð barna eða unglunga með GIOTRIF var ekki studd af klínískri rannsókn sem gerð var hjá börnum með aðra sjúkdóma (sjá kafla 5.1 og 5.2). Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun. Þess vegna er ekki mælt með meðferð með lyfinu hjá börnum eða unglungum.

Lyfjagjöf

Lyfið er ætlað til inntöku. Töflurnar á að gleypa í heilu lagi með vatni. Ef ekki er hægt að gleypa töflurnar í heilu lagi má leysa þær upp í u.þ.b. 100 ml af vatni án kolsýru. Ekki má nota aðra vökva. Töfluna á að láta í vatnið án þess að mylja hana og hræra síðan öðru hverju í vatninu í allt að 15 mínútur, þangað til hún hefur sundrast í mjög litlar agnir. Drekkja á dreifuna samstundis. Skola á glasið með u.þ.b. 100 ml af vatni sem á einnig að drekka. Dreifuna má einnig gefa um magasondu.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir afatinibi eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Mat á EGFR stökkbreytingarstöðu

Þegar meta á EGFR stökkbreytingarstöðu hjá sjúklingi er mikilvægt að nota fullgildaða og áreiðanlega aðferð til að forðast falskar neikvæðar eða falskar jákvæðar niðurstöður.

Niðurgangur

Greint hefur verið frá niðurgangi, þ.m.t. svænum niðurgangi, við meðferð með GIOTRIF (sjá kafla 4.8). Niðurgangur getur valdið vessapurð með eða án skertrar nýrnastarfsemi, sem í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur leitt til dauða. Niðurgangur kom venjulega fram innan fyrstu tveggja vikna meðferðar. Þriðja stigs niðurgangur kom oftast fram innan fyrstu 6 vikna meðferðar.

Mikilvægt er að sýna fyrirhyggju við meðferð á niðurgangi með fullnægjandi vökvagjöf ásamt lyfjum við niðurgangi, einkum fyrstu 6 vikur meðferðarinnar og meðferð ætti að hefja um leið og fyrstu merki um niðurgang koma fram. Nota á lyf við niðurgangi (t.d. loperamið) og ef nauðsyn krefur á að auka skammtinn í stærsta ráðlagða skammt. Sjúklingurinn á að hafa lyf við niðurgangi tiltæk svo hægt sé að hefja meðferð við fyrstu merki um niðurgang og halda henni áfram þangað til sjúklingurinn hefur ekki haft lausar hægðir í 12 klst. Nauðsynlegt getur verið að gera hlé á meðferð, minnka skammta eða hætta meðferð með GIOTRIF hjá sjúklingum með svæinn niðurgang (sjá kafla 4.2). Við vessapurð hjá sjúklingum getur þurft að gefa sölt og vökva í bláæð.

Aukaverkanir í húð

Greint hefur verið frá útbrotum/þrymlabólum hjá sjúklingum á meðferð með lyfinu (sjá kafla 4.8). Yfirleitt koma útbrotin fram sem væg eða miðlungsmikil roðapöt og útbrot sem líkjast þrymlabólum, sem geta komið fram eða aukist í sól. Sjúklingum sem útsettir eru fyrir sólarljósi er ráðlagt að nota hlífðarfatnað og sólarvörn. Með því að grípa snemma til aðgerða vegna aukaverkana í húð (t.d. með mýkjandi smyrslum, sýklalyfjum) er auðveldara að halda meðferð með GIOTRIF áfram. Hjá sjúklingum með verulegar aukaverkanir á húð getur einnig verið nauðsynlegt að gera tímabundið hlé á meðferð, minnka skammta (sjá kafla 4.2), grípa til annarrar meðferðar og leita til sérfræðings í meðferð slíkra aukaverkana á húð.

Greint hefur verið frá bólum, blöðrum og húðflögnun, m.a. mjög sjaldgæfum tilvikum sem bentu til Stevens-Johnson heilkennis og eitrunardreploss í húðþekju. Við verulega bólu- og blöðrumyndun eða húðflögnun á að gera hlé á meðferð með lyfinu eða hætta henni alveg (sjá kafla 4.8).

Konur, léttir sjúklingar og undirliggjandi skert nýrnastarfsemi

Meiri útsetning fyrir afatiníbi hefur komið fram hjá kvensjúklingum, léttum sjúklingum og sjúklingum með undirliggjandi skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 5.2). Þetta getur aukið hættu á aukaverkunum, sérstaklega niðurgangi, útbrotum/þrymlabólum og munnbólgu. Náið eftirlit er ráðlagt hjá sjúklingum með þessa áhættuþætti.

Millivefslungnasjúkdómur

Greint hefur verið frá millivefslungnasjúkdómi eða aukaverkunum sem líkjast millivefslungnasjúkdómi (svo sem lungnaiferð, lungnabólgu, bráðu andnauðarheilkenni, bólgu í lungnablöðrum vegna ofnæmis), þ.m.t. dauðsföllum, hjá sjúklingum á meðferð með GIOTRIF við lungnagrabbameini sem er ekki af smáfrumgerð. Greint var frá aukaverkunum sem líkjast millivefslungnasjúkdómi hjá 0,7% sjúklinga sem fengu meðferð með GIOTRIF í öllum klínískum rannsóknum (þar á meðal 0,5% sjúklinga með aukaverkanir sem líktust millivefslungnasjúkdómi af CTCAE stigi ≥ 3). Sjúklingar með sögu um millivefslungnasjúkdóm hafa ekki verið rannsakaðir.

Meta skal vandlega alla sjúklinga með bráð og/eða versnandi einkenni frá lungum (mæði, hósta, hita) af óþekktum ástæðum, til þess að útiloka millivefslungnasjúkdóm. Gera skal hlé á meðferð með lyfinu meðan á þessum rannsóknum stendur. Ef millivefslungnasjúkdómur greinist á að hætta meðferð með GIOTRIF fyrir fullt og allt og hefja viðeigandi meðferð eftir þörfum (sjá kafla 4.2).

Verulega skert lifrarstarfsemi

Greint hefur verið frá lifrabílu, þ.m.t. dauðsföllum, hjá innan við 1% sjúklinga meðan á meðferð með lyfinu stóð. Hjá þessum sjúklingum voru truflandi þættir til staðar, m.a. vegna lifrarsjúkdóms sem var til staðar áður en meðferð hófst og/eða samhliða sjúkdóma sem tengdust framgangi undirliggjandi illkynja sjúkdóms. Mælt er með að fylgjast reglulega með lifrarstarfsemi hjá sjúklingum sem eru með lifrarsjúkdóm fyrir. Þriðja stigs hækkunir á alanín amínótransferasa (ALAT) og aspartat amínótransferasa (ASAT) komu fram í lykilrannsóknum hjá 2,4% (LUX-Lung 3) og 1,6% (LUX-Lung 8) sjúklinga með eðlileg grunngildi lifrarprófa sem fengu 40 mg/sólarhring. Í

LUX-Lung 3 voru 3. stigs hækkarir á ALAT/ASAT um það bil 3,5-falt hærrí hjá sjúklingum með óeðlileg grunnildi lifrarprófana. Engar 3. stigs hækkarir á ALAT/ASAT voru hjá sjúklingum með óeðlileg grunnildi lifrarprófana í LUX-Lung 8 (sjá kafla 4.8). Hugsanlega þarf að gera hlé á meðferð ef lifrarstarfsemi versnar hjá sjúklingum (sjá kafla 4.2). Ef lifrarstarfsemi skerðist verulega hjá sjúklingum meðan á meðferð með GIOTRIF stendur á að hætta meðferðinni.

Rof í meltingarvegi

Greint hefur verið frá rofi í meltingarvegi, þ.m.t. dauðsföllum, meðan á meðferð með GIOTRIF stóð hjá 0,2% sjúklinga í öllum slembiröðuðum klínískum rannsóknum með samanburði. Í flestum tilvikum var rof í meltingarvegi tengt öðrum þekktum áhættuþáttum, þar með talið samhliða notkun lyfja eins og barkstera, bólgueyðandi gigtarlyfja eða lyfja gegn æðamyndun, undirliggjandi sögu um sáramyndun í meltingarvegi, undirliggjandi sarpasjúkdómi, aldri eða meinvörpum á rofssvæðinu í þörmum. Hætta skal meðferð til frambúðar hjá sjúklingum sem fá rof í meltingarveg á meðan þeir taka GIOTRIF.

Glærubólga

Sjúklingum með einkenni eins og bráða eða versnandi augnbólgu, táraseytingu, ljósnæmi, þokusýn, verk í augum og/eða roða í augum á tafarlaust að vísa til augnlæknis. Við staðfesta glærubólgu með sárum á að gera hlé á meðferð eða hætta henni alveg. Við staðfesta glærubólgu þarf að meta kosti og áhættu áframhaldandi meðferðar vandlega. Lyfið á að nota með varúð hjá sjúklingum með sögu um glærubólgu, glærubólgu með sárum eða verulegan augnþurrk. Notkun augnlinsa er einnig áhættuþáttur fyrir glærubólgu og sáramyndun (sjá kafla 4.8).

Starfsemi vinstri slegils

Vanstarfsemi vinstri slegils hefur verið tengd HER2 hömlun. Byggt á fyrirliggjandi upplýsingum úr klínískum rannsóknum er ekkert sem bendir til þess að lyfið valdi aukaverkunum á samdráttarhæfni hjartans. Lyfið hefur þó ekki verið rannsakað hjá sjúklingum með óeðlilegt útfallsbrot vinstri slegils eða hjá sjúklingum með þýðingarmikla sögu um hjartasjúkdóm. Hjá sjúklingum með áhættuþætti hjartasjúkdóma og þeim sem eru með sjúkdóm sem getur haft áhrif á útfallsbrot vinstri slegils skal íhuga eftirlit með hjartastarfsemi, m.a. mat á útfallsbroti vinstri slegils, fyrir upphaf meðferðar og meðan á meðferð stendur. Hjá sjúklingum sem fá marktæk einkenni frá hjarta meðan á meðferðinni stendur skal íhuga eftirlit með hjartastarfsemi, m.a. mat á útfallsbroti vinstri slegils.

Hjá sjúklingum með útfallsbrot sem er undir eðlilegum neðri mörkum samkvæmt viðmiði stofnunarinnar skal fylgjast vel með hjartastarfsemi og íhuga að gera hlé á meðferðinni eða hætta henni alveg.

P-glúkóprótein (P-gp) milliverkanir

Samhliða meðferð með öflugum P-gp virkjum getur dregið úr útsetningu fyrir afatinibi (sjá kafla 4.5).

Laktósi

Lyfið inniheldur laktósa. Sjúklingar með arfgengt galaktósaóþol, algjöran laktasaskort eða glúkósa-galaktósa vanfrásog, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Milliverkanir við flutningskerfi lyfja

Áhrif hemla P-gp og BCRP (brjóstakrabbameinsviðnámspróteins) á afatinib

In vitro rannsóknir hafa sýnt að afatinib er hvarfefni P-gp og BCRP. Þegar ritonavir (200 mg tvisvar á sólarhring í 3 daga) sem er öflugur P-gp og BCRP hemill var gefið 1 klst. fyrir stakan 20 mg skammt af GIOTRIF, jókst útsetning fyrir afatinibi um 48% (flatarmál undir blóðþéttiferli ($AUC_{0-\infty}$)) og 39% (hámarksplasmabéttni (C_{max})). Þegar ritonavir var aftur á móti gefið samtímis var hlutfallslegt aðgengi afatinibs 119% ($AUC_{0-\infty}$) og 104% (C_{max}) og þegar það var gefið 6 klst. eftir 40 mg GIOTRIF var hlutfallslegt aðgengi 111% ($AUC_{0-\infty}$) og 105% (C_{max}). Þess vegna er ráðlagt að gefa öfluga P-gp hemla (m.a. en ekki eingöngu ritonavir, ciclosporin A, ketoconazol, itraconazol, erythromycin, verapamil, quinidin, tacrolimus, nelfinavir, saquinavir og amiodaron) ekki samtímis GIOTRIF, heldur helst með

6 klst. eða 12 klst. á milli skammta (sjá kafla 4.2).

Áhrif P-gp virkja á afatinib

Formeðferð með rifampicin (600 mg einu sinni á sólarhring í 7 daga) sem er öflugur P-gp virkir dró úr útsetningu fyrir afatinibi í plasma um 34% ($AUC_{0-\infty}$) og 22% (C_{max}) eftir stakan 40 mg skammt af GIOTRIF. Öflugir P-gp virkjar (m.a. en ekki eingöngu rifampicin, carbamazepin, phenytoin, phenobarbital og jóhannesarjurt (*Hypericum perforatum*)) geta dregið úr útsetningu fyrir afatinibi (sjá kafla 4.4).

Áhrif afatinibs á hvarfefni P-gp

Byggt á *in vitro* upplýsingum er afatinib meðalöflugur P-gp hemill. Samkvæmt klínískum upplýsingum er þó talið ólíklegt að GIOTRIF meðferð hafi áhrif á plasmabéttni annarra hvarfefna P-gp.

Milliverkanir við BCRP

In vitro rannsóknir benda til að afatinib sé hvarfefni og hemill flutningspróteinsins BCRP. Afatinib getur aukið aðgengi eftir inntöku hvarfefna BCRP (m.a. en ekki eingöngu rosuvastatin og sulfasalazin).

Áhrif fæðu á afatinib

Samhliða gjöf fituríkrar máltíðar og GIOTRIF dró marktækt úr útsetningu fyrir afatinibi eða um 50% með tilliti til C_{max} og 39% með tilliti til $AUC_{0-\infty}$. Lyfið á ekki að gefa með mat (sjá kafla 4.2 og 5.2).

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Konur á barneignaraldri

Til öryggis ætti að ráðleggja konum á barneignaraldri að forðast þungun meðan á meðferð með GIOTRIF stendur. Meðan á meðferðinni stendur á að nota örugga getnaðarvörn og í a.m.k. einn mánuð eftir töku síðasta skammts.

Meðganga

Vegna verkunarháttar geta öll lyf sem hafa áhrif á EGFR haft skaðleg áhrif á fóstur. Dýrarannsóknir benda hvorki til beinna né óbeinna skaðlegra áhrifa á æxlun (sjá kafla 5.3). Rannsóknir á dýrum hafa ekki sýnt neitt sem bendir til vansköpunar við skammta sem eru allt að banvænir fyrir móður. Aukaverkanir takmörkuðust við skammtastærðir sem valda eiturvekun. Engu að síður var útsetning hjá dýrum á svipuðu bili eða undir þeim gildum sem komu fram hjá sjúklingum (sjá kafla 5.3).

Engar eða takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun lyfsins á meðgöngu. Hætta hjá mönnum er því ekki þekkt. Ef lyfið er notað á meðgöngu eða ef þungun verður meðan á notkun stendur eða eftir notkun GIOTRIF þarf að upplýsa konuna um hugsanlega hættu fyrir fóstrið.

Brjóstgjöf

Fyrirliggjandi upplýsingar um lyfjahvörf hjá dýrum sýna að afatinib skilst út í móðurmjólk (sjá kafla 5.3). Því er líklegt að afatinib skiljist út í brjóstamjólk. Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir brjóstmylking. Ráða á mæðrum frá brjóstgjöf meðan á notkun lyfsins stendur.

Frjósemi

Rannsóknir á frjósemi hjá mönnum hafa ekki verið gerðar með afatinibi. Fyrirliggjandi forklínískar upplýsingar um eiturvekanir hafa sýnt áhrif á æxlunarfæri við stóra skammta. Því er ekki hægt að útiloka aukaverkanir á frjósemi hjá mönnum vegna lyfsins.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

GIOTRIF hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Hjá nokkrum sjúklingum hefur verið greint frá aukaverkunum á augu (tárubólga, augnþurrkur, glærubólga) meðan á meðferð stóð (sjá kafla 4.8) sem geta haft áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi lyfsins

Aukaverkanirnar tengdust yfirleitt hömlunarverkunarhætti afatinibs á EGFR. Samantekt allra aukaverkana má sjá í töflu 2. Algengustu aukaverkanirnar voru niðurgangur og aukaverkanir í húð (sjá kafla 4.4) sem og munnbólga og naglgerðisbólga (sjá einnig töflu 3, 4 og 5). Almennt leiddi skammtaminnkun (sjá kafla 4.2) til lægri tíðni algengra aukaverkana.

Hjá sjúklingum sem fengu GIOTRIF 40 mg einu sinni á sólarhring voru skammtar minnkaðir vegna aukaverkana hjá 57% sjúklinga í LUX-Lung 3 rannsókninni og hjá 25% sjúklinga í LUX-Lung 8 rannsókninni. Meðal sjúklinga hættu 1,3% á meðferð vegna niðurgangs og 0% vegna útbrotabrymlabóla í LUX-Lung 3 og 3,8% vegna niðurgangs og 2,0% vegna útbrotabrymlabóla í LUX-Lung 8.

Tilkynnt var um aukaverkanir sem líktust millivefslungnasjúkdómi hjá 0,7% sjúklinga sem fengu afatinib. Greint hefur verið frá bólum, blöðrum og húðflögnun, m.a. mjög sjaldgæfum tilvikum sem bentu til Stevens-Johnson heilkennis og eitrunardreploss í húðþekju þó uppruni þess geti verið annar í þessum tilvikum (sjá kafla 4.4).

Tafla yfir aukaverkanir

Í töflu 2 er samantekt á tíðni aukaverkana úr öllum rannsóknunum á lungnakrabbameini sem er ekki af smáfrumugerð og eftir markaðssetningu lyfsins, með einlyfjameðferð með GIOTRIF 40 mg eða 50 mg sem var gefið einu sinni á sólarhring. Tíðni aukaverkana er skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$). Innan hvers tíðniflokks er aukaverkanirnar taldar upp eftir minnkandi alvarleika.

Tafla 2: Samantekt á aukaverkunum samkvæmt tíðni

Líffærakerfi	Mjög algengar	Algengar	Sjaldgæfar	Mjög sjaldgæfar
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	Naglgerðisbólga ¹	Blöðrubólga		
Efnaskipti og næring	Lystarleysi	Vessaþurrð Kalíumskortur		
Taugakerfi		Bragðskynstruflun		
Augu		Tárubólga Augþurrkur	Glærubólga	
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	Blóðnasir	Nefrennsli	Millivefs lungnasjúkdómur	
Meltingarfæri	Niðurgangur Munnbólga ² Ógleði Uppköst	Meltingartruflun Varabólga	Brisbólga Rof í meltingarvegi	
Lifur og gall		Hækkun alanín amínótransferasa Hækkun aspartat amínótransferasa		
Húð og undirhúð	Útbrot ³ Húðbólga sem líkist þrymlabólum ⁴ Kláði ⁵ Húðþurrkur ⁶	Handa-fóta-heilkenni (palmar-plantar erythrodysaesthesia syndrome) Aukaverkanir í nöglum ⁸		Stevens-Johnson heilkenni ⁷ Eitrunardreplos í húðþekju ⁷
Stoðkerfi og bandvefur		Vöðvakrampar		
Nýru og þvaggfæri		Skert nýrnastarfsemi/ nýrnabilun		
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað		Hiti		
Rannsóknaniðurstöður		Þyngdartap		

¹ Felur í sér naglgerðisbólgu, sýkingu í nöglum og sýkingu í naglabeði

² Felur í sér munnbólgu, munnangur, slímhúðarbólgu, sár í munn, fleiður á munnslímhúð, fleiður á slímhúð og sár á slímhúð

³ Felur í sér hóp kjörheita yfir útbrot

⁴ Felur í sér þrymlabólur, graftarþrymlabólur, húðbólgu sem líkist þrymlabólum

⁵ Felur í sér kláða, útbreiddan kláða

⁶ Felur í sér húðþurrk, sprungur í húð

⁷ Byggt á reynslu eftir markaðssetningu lyfsins

⁸ Felur í sér aukaverkun í nöglum, naglarlos (onycholysis), eiturvekun á nögl, stökkaneglugur, inngróna nögl, dældir í nögl, naglmissi (onychomadesis), mislitun í nögl, visnun nagla, naglarákir og klónögl

Lýsing á völdum aukaverkunum

Mjög algengar aukaverkanir hjá sjúklingum sem fengu meðferð með GIOTRIF sem komu fram hjá a.m.k. 10% sjúklinga í LUX-Lung 3 og LUX-Lung 7 rannsóknunum eru teknar saman í töflum 3 og 4 samkvæmt stigun National Cancer Institute-Common Toxicity Criteria (NCI-CTC).

Tafla 3: Mjög algengar aukaverkanir í LUX-Lung 3 rannsókninni

	GIOTRIF (40 mg/sólarhring) N = 229			Pemetrexed/ cisplatin N = 111		
	Hvaða stig sem er	3	4	Hvaða stig sem er	3	4
MedDRA kjörheiti	%	%	%	%	%	%
<i>Sýkingar af völdum sýkla og snikjudýra</i>						
Naglgerðisbólga ¹	57,6	11,4	0	0	0	0
<i>Efnaskipti og næring</i>						
Lystarleysi	20,5	3,1	0	53,2	2,7	0
<i>Öndunarferi, brjósthol og miðmæti</i>						
Blóðnasir	13,1	0	0	0,9	0,9	0
<i>Meltingarferi</i>						
Niðurgangur	95,2	14,4	0	15,3	0	0
Munnbólga ²	69,9	8,3	0,4	13,5	0,9	0
Varabólga	12,2	0	0	0,9	0	0
<i>Húð og undirhúð</i>						
Útbrot ³	70,3	14	0	6,3	0	0
Húðbólga sem líkist þrymlabólum ⁴	34,9	2,6	0	0	0	0
Húðþurrkur ⁵	29,7	0,4	0	1,8	0	0
Kláði ⁶	19,2	0,4	0	0,9	0	0
<i>Rannsóknaniðurstöður</i>						
Þyngdartap	10,5	0	0	9,0	0	0

¹ Felur í sér naglgerðisbólgu, sýkingu í nöglum, sýkingu í naglabeði

² Felur í sér munnbólgu, munnangur, slímhúðarbólgu, sár í munn, fleiður á munnslímhúð, fleiður á slímhúð, sár á slímhúð

³ Felur í sér hóp kjörheita yfir útbrot

⁴ Felur í sér þrymlabólur, graftarþrymlabólur, húðbólgu sem líkist þrymlabólum

⁵ Felur í sér húðþurrk, sprungur í húð

⁶ Felur í sér kláða, útbreiddan kláða

Tafla 4: Mjög algengar aukaverkanir í LUX-Lung 7 rannsókninni

	GIOTRIF (40 mg/sólarhring) N = 160			Gefitinib N = 159		
	Hvaða stig sem er	3	4	Hvaða stig sem er	3	4
NCI-CTC stig						
MedDRA kjörheiti	%	%	%	%	%	%
<i>Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra</i>						
Naglgerðisbólga ¹	57,5	1,9	0	17,0	0,6	0
Blöðrubólga ²	11,3	1,3	0	7,5	1,3	0,6
<i>Efnaskipti og næring</i>						
Lystarleysi	27,5	1,3	0	24,5	1,9	0
Kalíumskortur ³	10,6	2,5	1,3	5,7	1,3	0
<i>Öndunarferi, brjósthol og miðmæti</i>						
Nefrennsli ⁴	19,4	0	0	7,5	0	0
Blóðnasir	18,1	0	0	8,8	0	0
<i>Meltingarfæri</i>						
Niðurgangur	90,6	13,8	0,6	64,2	3,1	0
Munnbólga ⁵	64,4	4,4	0	27,0	0	0
Ógleði	25,6	1,3	0	27,7	1,3	0
Uppköst	19,4	0,6	0	13,8	2,5	0
Meltingartruflun	10,0	0	0	8,2	0	0
<i>Lifur og gall</i>						
Hækkun alanín aminótransferasa	11,3	0	0	27,7	8,8	0,6
<i>Húð og undirhúð</i>						
Útbrot ⁶	80,0	7,5	0	67,9	3,1	0
Húðþurrkur	32,5	0	0	39,6	0	0
Kláði ⁷	25,6	0	0	25,2	0	0
Húðbólga sem líkist þrymlabólum ⁸	23,8	1,9	0	32,1	0,6	0
<i>Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað</i>						
Hiti	13,8	0	0	6,3	0	0
<i>Rannsóknarniðurstöður</i>						
Þyngdartap	10,0	0,6	0	5,7	0,6	0

¹ Felur í sér naglgerðisbólgu, sýkingu í nöglum, sýkingu í naglabeði

² Felur í sér blöðrubólgu, þvagfærasýkingu

³ Felur í sér kalíumskort, lækkað kalíum í blóði

⁴ Felur í sér nefrennsli, nefbólgu

⁵ Felur í sér munnbólgu, munnangur, slímhúðarbólgu, sár í munni og fleiður á munnslímhúð

⁶ Felur í sér hóp kjörheita yfir útbrot

⁷ Felur í sér kláða, útbreiddan kláða

⁸ Felur í sér felur í sér húðbólgu sem líkist þrymlabólum, þrymlabólur

Óeðlilegar niðurstöður rannsókna á lifrarstarfsemi

Óeðlilegar niðurstöður rannsókna á lifrarstarfsemi (þ.m.t. hækkun ALAT og ASAT) kom fram hjá sjúklingum sem fengu GIOTRIF 40 mg. Yfirleitt voru þessar hækkunir tímabundnar og leiddu ekki til stöðvunar meðferðar. Annars stigs hækkun ALAT (> 2,5- til 5,0-föld eðlileg efri mörk (ULN)) kom fram hjá < 8% sjúklinga sem fengu meðferð með lyfinu. Þriðja stigs hækkun (> 5,0- til 20,0-föld ULN) kom fram hjá < 4% sjúklinga sem fengu GIOTRIF (sjá kafla 4.4).

Lýsing á völdum aukaverkunum

Mjög algengar aukaverkanir hjá sjúklingum sem fengu meðferð með GIOTRIF sem komu fram hjá a.m.k. 10% sjúklinga í LUX-Lung 8 rannsókninni eru teknar saman í töflu 5 samkvæmt stigum NCI-CTC (National Cancer Institute-Common Toxicity Criteria).

Tafla 5: Mjög algengar aukaverkanir í LUX-Lung 8 rannsókninni*

	GIOTRIF (40 mg/sólarhring) N = 392			Erlotinib N = 395		
	Hvaða stig sem er	3	4	Hvaða stig sem er	3	4
MedDRA kjörheiti	%	%	%	%	%	%
<i>Sýkingar af völdum sýkla og snikjudýra</i>						
Naglgerðisbólga ¹	11,0	0,5	0	5,1	0,3	0
<i>Efnaskipti og næring</i>						
Lystarleysi	24,7	3,1	0	26,1	2,0	0
<i>Meltingarfæri</i>						
Niðurgangur	74,7	9,9	0,8	41,3	3,0	0,3
Munnbólga ²	30,1	4,1	0	10,6	0,5	0
Ógleði	20,7	1,5	0	16,2	1,0	0,3
<i>Húð og undirhúð</i>						
Útbrot ³	60,7	5,4	0	56,7	8,1	0
Húðbólga sem líkist þrymlabólum ⁴	14,0	1,3	0	18,0	2,5	0

* Tíðni sjúklinga með aukaverkanir af hvaða orsök sem er

¹ Felur í sér naglgerðisbólgu, sýkingu í nöglum, sýkingu í naglabeði

² Felur í sér munnbólgu, munnangur, slímhúðarbólgu, sár í munn, fleiður á munnslímhúð, fleiður á slímhúð, sár á slímhúð

³ Felur í sér hóp kjörheita yfir útbrot

⁴ Felur í sér þrymlabólur, graftarþrymlabólur, húðbólgu sem líkist þrymlabólum

Óeðlilegar niðurstöður rannsókna á lifrarstarfsemi

Óeðlilegar niðurstöður rannsókna á lifrarstarfsemi (þ.m.t. hækkun ALAT og ASAT) komu fram hjá sjúklingum sem fengu GIOTRIF 40 mg. Yfirleitt voru þessar hækkunir tímabundnar og leiddu ekki til stöðvunar meðferðar. Annars stigs hækkun ALAT kom fram hjá 1% og þriðja stigs hækkun hjá 0,8% sjúklinga sem fengu GIOTRIF (sjá kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmun

Einkenni

Stærsti skammtur afatinibs sem hefur verið rannsakaður hjá takmörkuðum fjölda sjúklinga í I. stigs klínískum rannsóknum var 160 mg einu sinni á sólarhring í 3 daga og 100 mg einu sinni á sólarhring í 2 vikur. Aukaverkanirnar sem komu fram við þessa skammta voru aðallega á húð (útbrot/þrymlabólur) og meltingarfæri (einkum niðurgangur). Ofskömmun hjá tveimur heilbrigðum unglungum sem hvor um sig innbyrti 360 mg af afatinibi (ásamt fleiri lyfjum) tengdist aukaverkunum sem voru ógleði, uppköst, þróttleysi, sundl, höfuðverkur, kviðverkir og hækkun amýlasa (< 1,5-föld ULN). Báðir einstaklingarnir náðu sér af þessum aukaverkunum.

Meðferð

Ekkert sértækt mótefni er til við ofskömmun lyfsins. Ef grunur er um ofskömmun á að hætta gjöf GIOTRIF og hefja stuðningsmeðferð.

Ef við á er hægt að fjarlægja ófrásogað afatinib með uppköstum eða magaskolon.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Æxlishemjandi lyf, próteínkínasahemill, ATC-flokkur: L01EB03.

Verkunarháttur

Afatinib er öflugur, sértækur og óafturkræfur blokki viðtaka af ErbB flokki. Afatinib binst samgilt og hamlar óafturkræft boðum frá öllum einsleitum- og misleitum tvenndum sem myndaðar eru af viðtökum af flokki ErbB, þ.e. EGFR (ErbB1), HER2 (ErbB2), ErbB3 og ErbB4.

Lyfhrif

Afbrigðileg boð ErbB sem fara af stað vegna viðtakastökkbreytinga og/eða mögnunar og/eða oftjáníngar viðtakabindils stuðla að illkynja svipgerð. Stökkbreyting í EGFR einkennir sérstakan sameindafræðilegan undirhóp lungnakrabbameins.

Í forklínískum sjúkdómsslíkönum með truflun á ErbB leiðum, blokkaði afatinib eitt sér á áhrifaríkan hátt boð ErbB viðtaka sem leiddi til hömlunar á æxlisvexti eða minnkunar æxlis. Lungnakrabbameinsæxli sem ekki er af smáfrumugerð, með algengum virkjandi EGFR stökkbreytingum (DEL 19, L858R) og nokkrum sjaldgæfari EGFR stökkbreytingum á tjáníngarröð 18 (G719X) og tjáníngarröð 21 (L861Q), eru sérstaklega næm fyrir meðferð með afatinibi við forklínískar og klínískar aðstæður. Takmörkuð forklínísk og/eða klínísk virkni sást í lungnakrabbameinsæxlum sem ekki voru af smáfrumugerð með því að setja inn stökkbreytingu á tjáníngarröð 20.

Tilkoma síðari T790M-stökkbreytingar er helsta ástæða fyrir áunnu ónæmi gegn afatinibi og magn genasamsætunnar sem inniheldur T790M-tvenndargen (allele) er í réttu hlutfalli við hlutfall ónæmis *in vitro*. T790M-stökkbreytingin finnst í u.þ.b. 50% af æxlisvexti sjúklinga þegar versnun verður á sjúkdómi þrátt fyrir meðferð með afatinibi. Við þær aðstæður er EGFR-týrósinínasahemill sem beinist að T790M-stökkbreytingunni hugsanlega næsti meðferðarvalkostur. Forklínískar rannsóknir hafa gefið til kynna aðrar mögulegar ástæður fyrir ónæmi gegn afatinibi og MET-genamögnun hefur sést við klínískar aðstæður.

Verkun og öryggi

GIOTRIF hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð, með EGFR-stökkbreytingum

LUX-Lung 3

Verkun og öryggi GIOTRIF sem fyrsti valkostur í meðferð var metið hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem var ekki af smáfrumugerð, langt gengið staðbundið eða með meinvörpum (stig IIIB eða IV), með stökkbreytingum á EGFR, í alþjóðlegri, slembaðri, fjölsetra, opinni rannsókn. Sjúklingar voru skimaðir með tilliti til 29 mismunandi stökkbreytinga á EGFR með aðferð sem byggðist á kjarnsýrumögnun (TheraScreen[®]: EGFR29 Mutation Kit, Qiagen Manchester Ltd). Sjúklingum var slembiraðað (2:1) til að fá GIOTRIF 40 mg einu sinni á sólarhring eða allt að 6 lotur af pemetrexed/cisplatin. Á meðal slembiraðaðra sjúklinga voru 65% konur, miðgildi aldurs var 61 ár, færni samkvæmt ECOG við upphaf rannsóknar var 0 (39%) eða 1 (61%), 26% voru af hvítum kynstofni og 72% af asískum kynstofni. 89% sjúklinga voru með algengar EGFR-stökkbreytingar (Del 19 eða L858R).

Aðalendapunkturinn var lifun án versnunar sjúkdóms samkvæmt óháðu mati; aukaendapunktur voru heildarlifun og hlutlæg svörunartíðni (objective response rate). Þegar greiningin fór fram, þann 14. nóvember 2013, höfðu 176 sjúklingar (76,5%) í hópnum sem fékk afatinib og 70 sjúklingar (60,9%) sem fengu krabbameinslyfjameðferð orðið fyrir tilviki sem hafði áhrif á greiningu á lifun án versnunar sjúkdóms, þ.e. sjúkdómur hafði versnað samkvæmt óháðu miðlægu mati eða sjúklingur

dáið. Niðurstöður varðandi verkun eru gefnar á mynd 1 og í töflum 6 og 7.

LUX-Lung 6

Verkun og öryggi GIOTRIF hjá asískum sjúklingum með IIIB/IV. stigs kirtilkrabbamein í lungum með stökkbreytingum á EGFR, langt gengið staðbundið eða með meinvörpum, var metið í slembaðri, fjölsetra, opinni rannsókn. Líkt og í LUX-Lung 3 var skimað eftir stökkbreytingum á EGFR hjá sjúklingum með áður ómeðhöndlað lungnakrabbamein, ekki af smáfrumugerð með TheraScreen®: EGFR29 Mutation Kit, (Qiagen Manchester Ltd). Af slembiröðuðu sjúklingunum voru 65% kvenkyns, miðgildi aldurs var 58 ár og allir sjúklingar voru af asískum uppruna. Sjúklingar með algengar stökkbreytingar á EGFR mynduðu 89% af rannsóknarþýðinu.

Aðalendapunkturinn var lifun án versunar sjúkdóms samkvæmt óháðu miðlægu mati.


Aukaendapunktur voru heildarlifun og hlutlæg svörunartíðni.

Í báðum rannsóknum var sýnt fram á marktækt lengri lifun án versunar sjúkdóms hjá sjúklingum með stökkbreytingu á EGFR sem fengu GIOTRIF samanborið við þá sem fengu krabbameinslyfjameðferð.

Niðurstöður varðandi verkun eru teknar saman á mynd 1 (LUX-Lung 3) og í töflum 6 og 7

(LUX-Lung 3 og 6). Tafla 7 sýnir útkomu hjá undirhópum sjúklinga með tvær algengar stökkbreytingar á EGFR – Del 19 og L858R.

Mynd 1: Kaplan-Meier kúrfa lifunar án versunar sjúkdóms eftir meðferðarhópi í LUX-Lung 3 rannsókninni (heildarþýði), samkvæmt óháðu mati.



Tafla 6: Niðurstöður varðandi verkun GIOTRIF samanborið við pemetrexed/cisplatin (LUX-Lung 3) og gemcitabín/cisplatin (LUX-Lung 6) (óháð mat)

	LUX-Lung 3		LUX-Lung 6	
	GIOTRIF (N = 230)	Pemetrexed/ cisplatin (N = 115)	GIOTRIF (N = 242)	Gemcitabín/ cisplatin (N = 122)
Lifun án versnunar sjúkdóms Mánuðir (miðgildi)	11,2	6,9	11,0	5,6
Áhættuhlutfall (HR) (95% CI)	0,58 (0,43-0,78)		0,28 (0,20-0,39)	
p-gildi ¹	0,0002		< 0,0001	
Hlutfall lifunar án versnunar sjúkdóms eftir 1 ár	48,1%	22,0%	46,7%	2,1%
Hlutlæg svörunartíðni (CR+PR) ²	56,5%	22,6%	67,8%	23,0%
Líkindahlutfall (OR) (95% CI)	4,80 (2,89-8,08)		7,57 (4,52-12,68)	
p-gildi ¹	< 0,0001		< 0,0001	
Heildarlifun (OS) Mánuðir (miðgildi)	28,2	28,2	23,1	23,5
Áhættuhlutfall (HR) (95% CI)	0,88 (0,66-1,17)		0,93 (0,72-1,22)	
p-gildi ¹	0,3850		0,6137	

¹ p-gildi fyrir lifun án versnunar sjúkdóms/heildarlifun samkvæmt lagskiptu log-rank prófi; p-gildi fyrir hlutlæga svörunartíðni samkvæmt aðhvarfsgreiningu

² Full svörun (CR = complete response), hlutasvörun (PR = partial response)

Tafla 7: Niðurstöður varðandi verkun GIOTRIF á lifun án versnunar sjúkdóms og heildarlifun samanborið við pemetrexed/cisplatin (LUX-Lung 3) og gemcitabín/cisplatin (LUX-Lung 6) hjá fyrirfram skilgreindum undirhópum með stökkbreytingu á EGFR, Del 19 og L858R (óháð mat)

Del 19	LUX-Lung 3		LUX-Lung 6	
	GIOTRIF (N = 112)	Pemetrexed/ cisplatin (N = 57)	GIOTRIF (N = 124)	Gemcitabín/ cisplatin (N = 62)
Lifun án versnunar sjúkdóms Mánuðir (miðgildi)	13,8	5,6	13,1	5,6
Áhættuhlutfall (HR) (95% CI)	0,26 (0,17-0,42)		0,20 (0,13-0,33)	
p-gildi ¹	< 0,0001		< 0,0001	
Heildarlifun (OS) Mánuðir (miðgildi)	33,3	21,1	31,4	18,4
Áhættuhlutfall (HR) (95% CI)	0,54 (0,36-0,79)		0,64 (0,44-0,94)	
p-gildi ¹	0,0015		0,0229	
L858R	GIOTRIF (N = 91)	Pemetrexed/ cisplatin (N = 47)	GIOTRIF (N = 92)	Gemcitabín/ cisplatin (N = 46)
Lifun án versnunar sjúkdóms Mánuðir (miðgildi)	10,8	8,1	9,6	5,6
Áhættuhlutfall (HR) (95% CI)	0,75 (0,48-1,19)		0,31 (0,19-0,52)	
p-gildi ¹	0,2191		< 0,0001	
Heildarlifun (OS) Mánuðir (miðgildi)	27,6	40,3	19,6	24,3
Áhættuhlutfall (HR) (95% CI)	1,30 (0,80-2,11)		1,22 (0,81-1,83)	
p-gildi ¹	0,2919		0,3432	

¹ p-gildi fyrir lifun án versnunar sjúkdóms/heildarlifun samkvæmt lagskiptu log-rank prófi

Í fyrirfram skilgreindum undirhópi algengra stökkbreytinga (sameinaðir Del 19 og L858R) var miðgildi lifunar án versnunar sjúkdóms 13,6 mánuðir fyrir GIOTRIF samanborið við 6,9 mánuði fyrir krabbameinslyfjameðferð (HR 0,48; 95% CI 0,35-0,66; $p < 0,0001$; N = 307) í LUX-Lung 3 og 11,0 mánuðir fyrir GIOTRIF samanborið við 5,6 mánuði fyrir krabbameinslyfjameðferð (HR 0,24; 95% CI 0,17-0,35; $p < 0,0001$; N = 324) í LUX-Lung 6.

Lengri lifun án versnunar sjúkdóms hafði í för með sér bata hvað varðar sjúkdómstengd einkenni og versnun kom seinna (sjá töflu 8). Meðalskor með tímanum fyrir heildarlífsgæði, almennt heilsufar og líkamlega, hlutverka, vitræna, félagslega og tilfinningalega virkni varð marktækt betri hjá þeim sem fengu GIOTRIF.

Tafla 8: Útkoma einkenna fyrir GIOTRIF samanborið við krabbameinslyfjameðferð í rannsóknunum LUX-Lung 3 og LUX-Lung 6 (EORTC QLQ-C30 og QLQ-LC13)

	LUX-Lung 3		
	Hósti	Mæði	Verkur
% sjúklinga þar sem dró úr einkennum ^a	67% á móti 60%; p = 0,2133	65% á móti 50%; p = 0,0078	60% á móti 48%; p = 0,0427
Lenging miðgildis tíma fram að versnun (mánuðir) ^{a,b}	27,0 á móti 8,0 HR 0,60; p = 0,0062	10,4 á móti 2,9 HR 0,68; p = 0,0129	4,2 á móti 3,1 HR 0,83; p = 0,1882
	LUX-Lung 6		
	Hósti	Mæði	Verkur
% sjúklinga þar sem dró úr einkennum ^a	76% á móti 55%; p = 0,0003	71% á móti 48%; p < 0,0001	65% á móti 47%; p = 0,0017
Lenging miðgildis tíma fram að versnun (mánuðir) ^{a,b}	31,1 á móti 10,3 HR 0,46; p = 0,0001	7,7 á móti 1,7 HR 0,53; p < 0,0001	6,9 á móti 3,4 HR 0,70; p = 0,0220

^a Gildin eru gefin upp fyrir GIOTRIF á móti krabbameinslyfjameðferð, p-gildi samkvæmt aðhvarfsgreiningu

^b p-gildi fyrir tíma að versnun samkvæmt lagskiptu log-rank prófi

LUX-Lung 2

LUX-Lung 2 var einarma II. stigs rannsókn hjá 129 sjúklingum sem aldrei höfðu fengið meðferð með EGFR TKI sem voru með IIIB eða IV. stigs kirtilkrabbamein í lungum með EGFR stökkbreytingum. Sjúklingum var skipað í hóp sem var að fá meðferð í fyrsta sinn (N = 61) eða hóp sem var að fá aðra meðferð (N = 68) (þ.e. eftir að 1 fyrri krabbameinslyfjameðferð hafði brugðist). Hjá 61 sjúklingi sem fékk meðferð í fyrsta sinn var staðfest hlutlæg svörunartíðni 65,6% og tíðni sjúkdómshömlunar (disease control rate) var 86,9% samkvæmt óháðu mati. Miðgildi lifunar án versnunar var 12,0 mánuðir samkvæmt óháðu mati. Niðurstöður varðandi verkun voru svipaðar hjá sjúklingum sem höfðu fengið krabbameinslyfjameðferð áður (N = 68; hlutlæg svörunartíðni 57,4%; miðgildi lifunar án versnunar 8 mánuðir samkvæmt óháðu mati). Uppfært miðgildi heildarlifunar fyrir þá sem fengu meðferð í fyrsta sinn var 31,7 mánuðir og 23,6 mánuðir fyrir þá sem fengu meðferð í annað skipti.

LUX-Lung 7

LUX-Lung 7 er slembiröðuð, alþjóðleg, opin IIb. stigs rannsókn sem rannsakar verkun og öryggi GIOTRIF sem fyrsta meðferð hjá sjúklingum með kirtilkrabbamein í lungum (stig IIIB eða IV) með EGFR stökkbreytingum, langt gengið staðbundið eða með meinvörpum. Sjúklingar voru skimaðir með tilliti til virkjandi EGFR stökkbreytinga (Del 19 og/eða L858R) með TheraScreen[®] EGFR RGQ PCR Kit, Qiagen Manchester Ltd. Sjúklingum (N = 319) var slembiraðað (1:1) til að fá GIOTRIF[®] 40 mg til inntöku einu sinni á sólarhring (N = 160) eða gefitinib 250 mg til inntöku einu sinni á sólarhring (N = 159). Slembiröðun var skipt upp eftir stöðu EGFR stökkbreytingar (Del 19; L858R) og meinvörpum í heila (já; nei).

Af þeim sjúklingum sem var slembiraðað voru 62% kvenkyns, meðalaldur var 63 ár, 16% sjúklinga höfðu meinvörp í heila, færni samkvæmt ECOG við upphaf rannsóknar var 0 (31%) eða 1 (69%), 57% voru af asískum uppruna og 43% ekki af asískum uppruna. Æxlissýni sjúklinga með EGFR stökkbreytingu var flokkuð sem annaðhvort eyðing tjáningarraðar 19 (58%) eða skipti tjáningarraðar 21 L858R (42%).

Á meðal samsettra endapunkta eru lifun án versnunar samkvæmt óháðu mati og heildarlifun. Á meðal annarra endapunkta voru hlutlæg svörunartíðni og tíðni sjúkdómshömlunar. GIOTRIF bætti lifun án versnunar og hlutlæga svörunartíðni marktækt hjá sjúklingum með EGFR stökkbreytingu samanborið við gefitinib. Niðurstöður um verkun eru teknar saman í töflu 9.

Tafla 9: Niðurstöður um verkun GIOTRIF samanborið við gefitinib (LUX-Lung 7) samkvæmt aðalgreiningu frá ágúst 2015.

	GIOTRIF (N = 160)	Gefitinib (N = 159)	Áhættuhlutfall/ Líkindahlutfall (95% CI) p-gildi²
Miðgildi lifunar án versnunar (mánuðir), heildarþýði rannsóknar	11,0	10,9	HR 0,73 (0,57-0,95) 0,0165
Tíðni lifunar í 18 mánuði án versnunar	27%	15%	
Tíðni lifunar í 24 mánuði án versnunar	18%	8%	
Miðgildi heildarlifunar (mánuðir)¹, heildarþýði rannsóknar	27,9	24,5	HR 0,86 (0,66, 1,12) 0,2580
Á lífi eftir 18 mánuði	71%	67%	
Á lífi eftir 24 mánuði	61%	51%	
Hlutlæg svörunartíðni (CR+PR)³	70%	56%	OR 1,87 (1,12, 2,99) 0,0083

¹ Niðurstöður um heildarlifun byggðar á aðalgreiningu á heildarlifun frá apríl 2016 með 109 (68,1%) og 117 (73,6%) tilvik í hópnum sem fengu GIOTRIF og gefitinib, í sömu röð

² p-gildi fyrir lifun án versnunar/heildarlifun byggt á lagskiptu log-rank prófi; p-gildi fyrir hlutlæga svörunartíðni byggt á lagskiptri aðfallsgreiningu

³ CR = full svörun; PR = hlutasvörun

Áhættuhlutfall lifunar án versnunar fyrir sjúklinga með DEL 19 stökkbreytingar og L858R stökkbreytingar var 0,76 (95% CI [0,55, 1,06]; p = 0,1071) fyrir afatinib samanborið við 0,71 (95% CI [0,47, 1,06]; p = 0,0856) fyrir gefitinib.

Greining á verkun GIOTRIF hjá sjúklingum sem aldrei höfðu fengið meðferð með EGFR TKI og voru með æxli með sjaldgæfum EGFR stökkbreytingum (LUX-Lung 2, -3 og -6)

Í þremur klínískum rannsóknum á GIOTRIF með framskyggnum arfgreiningum á æxli (3. stigs rannsóknunum LUX-Lung 3 og -6 og einarma 2. stigs rannsókninni LUX-Lung 2) var gerð greining á gögnum frá alls 75 sjúklingum sem aldrei höfðu fengið meðferð með TKI og voru með langt gengið kirtilkrabbamein í lungum (stig IIIb-IV) með sjaldgæfum EGFR stökkbreytingum, sem voru skilgreindar sem allar stökkbreytingar aðrar en Del 19 og L858R stökkbreytingarnar. Sjúklingarnir fengu meðferð með GIOTRIF 40 mg (í öllum þremur rannsóknum) eða 50 mg (LUX-Lung 2) til inntöku einu sinni á sólarhring.

Hjá sjúklingum með æxli með G719X (N = 18), L861Q (N = 16) eða S768I skiptistökkbreytingu (N = 8) var staðfest hlutlæg svörunartíðni 72,2%, 56,3%, 75,0%, í sömu röð, og miðgildi fyrir lengd svörunar var 13,2 mánuðir, 12,9 mánuðir og 26,3 mánuðir, í sömu röð.

Hjá sjúklingum með æxli með exon 20 innsetningum (N = 23) var staðfest hlutlæg svörunartíðni 8,7% og miðgildi fyrir lengd svörunar 7,1 mánuður. Hjá sjúklingum með æxli með *de novo* T790M stökkbreytingum (N = 14) var staðfest hlutlæg svörunartíðni 14,3% og miðgildi fyrir lengd svörunar 8,3 mánuðir.

GIOTRIF hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð, af flöguþekjutegund

Öryggi og verkun GIOTRIF sem önnur meðferð (second-line) fyrir sjúklinga með langt gengið lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð, var rannsökuð í slembiraðaðri, opinni, alþjóðlegri III. stigs rannsókn, LUX-Lung 8. Sjúklingum sem fengu minnst 4 meðferðarlotur með plátínamsamböndum sem fyrstu meðferð var slembiraðað 1:1 til að fá 40 mg af GIOTRIF einu sinni á

sólarhring eða 150 mg erlotinib þar til sjúkdómurinn versnaði. Slembiröðun var lagskipt eftir kynþætti (austur-asískum annars vegar og öðrum hins vegar). Aðalendapunktur var lifun án versnunar sjúkdómsins; heildarlifun var annar lykilendapunktur. Aðrir aukaendapunktur voru m.a. hlutlæg svörunartíðni, tíðni sjúkdómshömlunar, breyting á stærð æxlis og heilbrigðistengd lífsgæði (HRQOL). Af þeim 795 sjúklingum sem var slembiraðað var meirihlutinn karlar (84%), hvítir (73%), núverandi eða fyrrverandi reykingamenn (95%) með færni samkvæmt ECOG 1 (67%) og ECOG 0 (33%) við upphaf.

GIOTRIF sem önnur meðferð bætti marktækt lifun án versnunar sjúkdóms og heildarlifun hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð, af flöguþekjutegund, samanborið við erlotinib. Niðurstöður verkunar á tíma frumgreiningar á heildarlifun, með öllum slembiröðuðum sjúklingum, eru teknar saman á mynd 2 og í töflu 10.

Tafla 10: Niðurstöður um verkun GIOTRIF miðað við erlotinib í LUX-Lung 8, byggðar á frumgreiningu á heildarlifun með öllum slembiröðuðum sjúklingum


	GIOTRIF (N = 398)	Erlotinib (n = 397)	Áhættuhlutfall/ líkindahlutfall (95%CI)	p-gildi²
Lifun án versnunar sjúkdóms				
Mánuðir (miðgildi)	2,63	1,94	Áhættuhlutfall 0,81 (0,69; 0,96)	0,0103
Heildarlifun				
Mánuðir (miðgildi)	7,92	6,77	Áhættuhlutfall 0,81 (0,69; 0,95)	0,0077
Lifun eftir 12 mánuði	36,4%	28,2%		
Lifun eftir 18 mánuði	22,0%	14,4%		
Hlutlæg svörunartíðni (CR+PR)¹	5,5%	2,8%	Líkindahlutfall 2,06 (0,98; 4,32)	0,0551
Lengd svörunar í mánuðum (miðgildi)	7,29	3,71		

¹ CR = full svörun; PR = hlutasvörun

² p-gildi fyrir lifun án versnunar sjúkdóms/heildarlifun samkvæmt lagskiptu log-rank prófi; p-gildi fyrir hlutlæga svörunartíðni byggt á aðfallsgreiningu hlutfalla

Áhættuhlutfall heildarlifunar hjá sjúklingum < 65 ára var 0,68 (95% CI 0,55; 0,85) og hjá sjúklingum 65 ára og eldri var það 0,95 (95% CI 0,76; 1,19).

Mynd 2: Kaplan-Meier kúrfa fyrir heildarlifun eftir meðferðarhópi í LUX-Lung 8



Ávinningi í lifun án versnunar sjúkdóms fylgdi minni einkennum tengd sjúkdómi og lengri tími að versnun (deterioration) (sjá töflu 11).

Tafla 11: Útkoma einkenna fyrir GIOTRIF miðað við erlotinib í rannsókninni LUX-Lung 8 (EORTC QLQ-C30 & QLQ-LC13)

	Hósti	Mæði	Verkur
% sjúklinga með betri útkomu^{a, c}	43% á móti 35%; p = 0,0294	51% á móti 44%; p = 0,0605	40% á móti 39%; p = 0,7752
Lenging tíma að versnun (mánuðir)^{b, c}	4,5 á móti 3,7 Áhættuhlutfall 0,89; p = 0,2562	2,6 á móti 1,9 Áhættuhlutfall 0,79; p = 0,0078	2,5 á móti 2,4 Áhættuhlutfall 0,99; p = 0,8690

^a gildi birt fyrir GIOTRIF miðað við erlotinib, p-gildi byggt á aðfallsgreiningu

^b p-gildi fyrir tíma að versnun byggt á lagskiptri log-rank prófun

^c p-gildi voru ekki aðlöguð að margföldun

Ekki hefur verið sýnt fram á verkun á EGFR-neikvæð æxli.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á lyfinu hjá öllum undirhópum barna við lungnakrabbameini sem er ekki af smáfrumugerð (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum). Hins vegar var lagt mat á þroska barna með aðra sjúkdóma.

Í I/II. stigs, opinni, fjölsetra rannsókn með stækkandi skömmtum var öryggi og verkun GIOTRIF metin hjá börnum á aldrinum 2 til yngri en 18 ára með endurkomin/þrálát æxli í taugaútlagi, rákvöðvasarkmein og/eða önnur föst æxli með þekktri truflun á ErbB leiðum, óháð vefjafræði æxlisins. Alls fengu 17 sjúklingar meðferð í þeim hluta rannsóknarinnar þar sem réttur skammtur var fundinn. Í skammtahækkunarhluta rannsóknarinnar þar sem þolanlegur hámarksskammtur er fundinn (maximum tolerated dose, MTD) fengu 39 sjúklingar sem valdir voru samkvæmt lífmerkjum fyrir truflun á ErbB leiðum GIOTRIF skammt sem nam 18 mg/m²/dag. Í þessum skammtahækkunarhluta sást engin hlutlæg svörun hjá 38 sjúklingum, þar á meðal hjá 6 sjúklingum með þrálátt tróðæxli á háu

stigi (high grade glioma, HGG), 4 sjúklingum með dreift innra tróðæxli í heilabru (diffuse intrinsic pontine glioma, DIPG), 8 sjúklingum með heila- og mænuþelsæxli og 20 sjúklingum með aðra vefjameinafræði. Einn sjúklingur með taugatróðsæxli í heila með CLIP2-EGFR genasamruna hafði staðfesta hlutasvörun (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum). Aukaverkanir GIOTRIF hjá börnum voru í samræmi við öryggið sem komið hefur fram hjá fullorðnum.

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

